



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Vorönn 2020

## HÖTE2HU05

### Hugmyndavinna og textill

<b>Kennari:</b>	<b>Guðbjörg Bergsveinsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>GB</b>
-----------------	----------------------------------	---------------	-----------

#### Áfangalýsing:

Í áfanganum kynnist nemandinn undirstöðuatriðum hugmyndavinnu og helstu tækni og aðferðum í tengslum við vinnu með textíl. Hann vinnur eftir ferlinu frá því að hugmynd kviknar og þar til hún hefur fengið ákveðið form. Lögð er áhersla á sambandið milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og listrænnar sköpunar, greiningar og túlkunar. Hver nemandi kynnir verkefni sín og þær lausnir sem notaðar eru. Áhersla er lögð á umræður um verkefni og að nemendur læri hver af öðrum.

**Undanfari:** Enginn

#### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á

- sambandi milli hugmynda, hráefnis, tækni, aðferða og niðurstöðu
- litum, gildi þeirra og notkun í umhverfi okkar
- hvernig náttúran og eigin menning er uppspretta hugmynda við eigin vinnu og hönnuða almennt
- heildar hönnunarferlinu

#### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- vinna með hönnun sína
- tileinka sé nýjungar í gegnum upplýsingamiðla, handbækur og fagtímarit
- nota mismunandi litasamsetningar

#### Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- próa hugmynd eftir markvissu þróunarferli

- setja fram hugmynd munnlega, skriflega og á myndrænan hátt
- nýta sér náttúru og eigin menningu sem uppsprettu hugmynda við eigin vinnu
- rökstyðja eigið verk, taka gagnrýni og gagnrýna aðra á jákvæðan hátt

### Námsefni:

Bækur og blöð á sviði hönnunar í FSu. Ljósrit og efni af veraldarvefnum.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	6. -10 jan.	Kynning og skipulag	Möppuvinna hafin
2	13-17.jan.	Gagnasöfnun / skissur	Klippiverkefni
3 - 4	ca 16. - 27.jan.	Hugmyndaspjald / skissur	3 X tillögur
5 - 7	ca 30.1. -17.2.	Hugmyndavinna/hönnunartillögur	
	ca,16.jan-18.2	Sauma prufur lágmark 2 stk	Sníðagerð
8 - 10	ca 20.2. - 10.3.	Verkefnavinna í flík eða nytjahlut	3-4 A4 blöð
11 - 17	ca 13.3. - 5.5.	Tískuteikningar	Vinnuframlag skráð
1 - 18	2.1. - 10.5.	Sýningarvinna	Myndræn lýs. á ferð
5 - 16	snemma eða seint	Vettvangsferð EF HÆGT ER	

### Sérreglur áfangans:

1. Vinnumappa merkt og myndskreytt í takt við innihald. Mappan sé ávalt til taks á vinnuborði ásamt ritföngum, efnivið og áhöldum verkefna hvers tíma.
2. Nemandi sinni símati vikulega í samvinnu við kennara: Innlögn 1 x í viku, verkefnaskil 1 x í viku. Samráð við kennara um heimaverkefni og persónulegt vinnulag.
3. Öllum verkefnum áfangans séu gerð skil í vinnumöppu jafnóðum.
4. Efnisgjald, kr. 7.000.- skal greiðast á skrifstofu skólans. Nemandi fær efni í vinnumöppu og einfalda nytjahluti úr textíl, ásamt afnotum af öllum tækjum, áhöldum og efnivið sem Hönnunardeild FSu hefur yfir að ráða.

**Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Námsþáttur</b>	<b>Lýsing á námsmati</b>	<b>Vægi</b>
Símat og leiðsagnarmat í öllum þáttum námsins	Samvinna kennara og nemenda við sameiginlegt matsblað hópsins. Tilraunavinna við gerð leiðsagnarmats. Mæting og virkni. Vinnulýsingar og notkun þeirra. Útfærsla á sniðum metin. Hópverkefni. Mat á umfangi, frágangi og vinnubrögðum við saum á eigin flík	100%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**